

Ályktun um vetrarþjónustu á Vestfjörðum

69. Fjórðungsþings Vestfirðinga haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, lýsir miklum vonbrigðum með fálæti stjórnvalda gagnvart ákalli samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum, um lengingu þjónustutíma vetrarþjónustu á Vestfjörðum. Augljóst er að stuttur opnunartími Vestfjarða hamlar uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga og er í hróplegu ósamræmi við lengri þjónustutíma á öðrum atvinnusvæðum í landinu.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á innviðaráðherra að breyta reglugerð um vetrarþjónustu og tryggja þannig að landshlutinn standi jafnfætis öðrum landsvæðum varðandi vetrarþjónustu.

Fjórðungsþing leggur til að þjónustutími á Djúpvegi um Steingrímsfjarðarheiði og Ísafjarðardjúpi og Vestfjarðavegi um Dynjandisheiði, Múlasveit, Klettsháls og Reykhólasveit sé samræmdur opnunartíma á Bröttubrekku og Þröskuldum.

Jafnframt verði vetrarþjónusta innan sveitarfélagsins Vesturbyggðar lengd og verði í samræmi við þjónustutíma milli byggðalaga á norðanverðum Vestfjörðum, ásamt því að færa Vestfjarðaveg 63, frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði upp um þjónustuflokk.